

**Sþ.** **67. Tillaga til þingsályktunar** [62. mál]

um auknar framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Ragnar Jónsson, Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að auknar verði framkvæmdir til heftingar sandfoks og uppblásturs við Þorlákshöfn.

**Greinargerð.**

Sem kunnugt er, hefur Sandgræðsla ríkisins haft með höndum sandgræðslu og heftingu sandfoks á svæðinu frá Ölfusá til Selvogs um árabíl. Er þetta landsvæði afgirt og algerlega friðað fyrir ágangi búfjár. Því er ekki að neita, að nokkuð hefur áunnizt þarna í baráttunni við sandinn, en þó ekki svo, að viðhlitandi geti talizt, því að ávallt er um mikið sandfok að ræða á þessum stað. Er vegurinn til Þorlákshafnar af þeim sökum oft illfær yfirferðar vegna sandágangsins.

Í Þorlákshöfn er nú ört vaxandi byggð og ýmsar stórframkvæmdir þar á döfinni, sem eðlilega skapast með bættum hafnarskilyrðum á staðnum. Fiskverkun fer vaxandi ár frá ári, frysting, söltun og skreiðarverkun. Fyrir alla þessa starfsemi er sandurinn hinn mesti skaðvaldur, sem nauðsynlegt er að útrýma. Hefting sandfoksins er því mjög aðkallandi, og er tillagan þess vegna fram borin.